

3. mgr. 74. gr. barnaverndarlaga.

Við ráðstöfun barns í fóstur skal taka afstöðu til umgengni barns við kynforeldra og aðra nákomna og skal tekið mið af því hvað þjónar hagsmunum barnsins best. Náist samkomulag gerir barnaverndarnefnd skriflegan samning við þá sem umgengni eiga að rækja. *Kanna skal viðhorf fósturforeldra áður en gengið er frá samningi.*

Um þetta ákvæði segir m.a. í athugasemdum með frumvarpi því sem varð að lögum nr. 80/2002:

Gert er ráð fyrir því að barnaverndarnefnd meti þarfir og hagsmuni barnsins, m.a. með tilliti til sjónarmiða foreldra og viðhorfa fósturforeldra og leiti eftir því að gera skriflegan samning við þá sem umgengni eiga að rækja, þ.e. kynforeldra og aðra nákona eftir atvikum.

Umboðsmaður Alþingis segir:

- „Með hliðsjón af þessu tel ég ekki að fyrirmæli ákvæðisins um aðkomu fósturforeldra gefi tilefni til gagnályktunar á þann veg að girt sé fyrir að fósturforeldrar barns geti átt rétt til aðkomu eða beinnar aðilar að öðrum málum sem síðar koma upp og varða umgengni barnsins við kynforeldra sína, svo sem vegna endurskoðunar úrskurðar, sbr. 6. mgr. greinarinnar.“*
- „aðstaða fósturforeldranna kann að vera ólík annars vegar þegar ákvörðun er tekin um umgengni við kynforeldra við upphaf fóstursins þegar fósturforeldrarnir hafa takmörkuð kynni af barninu og hins vegar þegar úrskurðað er um breytingu á umgengni síðar þegar fósturforeldrar hafa annast uppeldi fósturbarnsins og farið með forsjá þess um langa hríð.“*
- „Í þessu sambandi er rétt að hafa í huga að fósturforeldrarnir eru að jafnaði þeir aðilar sem best þekkja hagi og líðan barnsins og fara með fyrirsvor fyrir það “*

18. gr. reglugerðar um fóstur:

- Beiðni nákominna ættingja um að taka barn í fóstur.
- Ef nákominn ættingi sem fengið hefur leyfi Baranverndarstofu til að taka barn í fóstur ber barnaverndarnefnd að meta hvort það þjóni hagsmunum barnsins best að ráðstafa því í fóstur til viðkomandi.
- Nákominn ættingi getur skotið synjun barnaverndarnefndar til kærunefndar barnaverndarmála

6. gr.

Kærunefnd barnaverndarmála.

Félagsmálaráðherra skipar kærunefnd barnaverndarmála til fjögurra ára í senn. Heimilt er að skjóta til hennar úrskurðum og einstökum ákvörðunum barnaverndarnefnda samkvæmt lögum þessum. Enn fremur er unnt að skjóta til nefndarinnar ákvörðunum Barnaverndarstofu skv. 3. og 5. mgr. 15. gr., 66. gr., 2. og 4. mgr. 83. gr. og 2. mgr. 91. gr.

Í kærunefnd barnaverndarmála sitja þrjú menn. Hæstiréttur tilnefnir formann og skal hann uppfylla hæfisskilyrði til að vera héraðsdómari. Nefndarmenn skulu hafa sérþekkingu á málefnum barna. Félagsmálaráðherra sér nefndinni fyrir starfsaðstöðu. Kærunefnd er heimilt að ráða starfsmenn til að sinna daglegum rekstri.

Úrskurðir kærunefndar barnaverndarmála eru endanlegir á stjórnslustigi og verður þeim ekki skotið til æðra stjórnvalds.

Kærunefnd barnaverndarmála skal árlega gefa út skýrslu um starfsemi sína. Félagsmálaráðherra setur reglugerð um störf nefndarinnar.